

**Reglur Lagadeildar Háskóla Íslands um lögfræði sem aukagrein
fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans**

Samþykktar á deildarfundi 25. mars 2025

1. gr.

Almenn ákvæði

Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á 60 eininga nám í lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans þar sem reglur þessara deilda standa því ekki í vegi.

Reglur Lagadeildar um kennsluhætti og próffyrirkomulag, þ.m.t. um lágmarkseinkunnina 6,0 í námskeiðum, gilda um þá stúdenta við aðrar háskóladeildir, sem taka lögfræði sem aukagrein.

Lýsingar á námskeiðum við Lagadeild eru birtar í kennsluskrá Háskóla Íslands.

Þegar stúdent skráir sig í einstaklingsverkefni skal hann velja sér umsjónarkennara og tilkynna deildarstjóra á skrifstofu Lagadeildar um það innan fjögurra vikna frá byrjun viðkomandi kennslumisseris.

Stúdent, sem hefur verið skráður í laganám og hefur staðist próf í einu eða fleiri BA-námskeiðum við deildina, getur fengið það nám metið.

2. gr.

Skipulag námsins

Nám í lögfræði sem aukagrein skiptist þannig annars vegar að eftirfarandi námskeið, samtals 27 einingar, eru kjarnanám (skyldunámskeið):

LÖG104G	6,0e	Inngangur að lögfræði sem aukagrein
LÖG201G	15,0e	Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti
LÖG206G	6,0e	Evrópuréttur

Hins vegar eru 33 einingar samkvæmt vali í öðrum námskeiðum til BA-prófs í lögfræði, þar af geta verið 1 til 3 einingar í einstaklingsverkefni (LÖG001G, LÖG002G og LÖG003G). Óheimilt er þó að velja námskeiðið BA-ritgerð í lögfræði (LÖG261L).

3. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi frá og með skólaárinu 2025-2026. Við samþykkt reglnanna falla úr gildi reglur sama efnis sem samþykktar voru á deildarfundi 30. maí 2007, með síðari breytingum. Eldri reglur gilda þó um þá nemendur sem hófu nám í lögfræði sem aukagrein fyrir gildistöku þessara reglna nema þeir óski að fylgja reglum þessum.